

8. mars 2012

„Sýn iðnaðarins á orkunýtingu framtíðarinnar“

Ávarp.

Ég vil óska Verkfræðingafélagi Íslands hjartanlega til hamingju með afmælið. Ekki er annað að sjá en öldungurinn sé býsna ern og reiðubúinn að leggja sitt af mörkum, eins og hann hefur svo sannarlega gert hingað til. Við þetta gleðilega tækifæri þakka ég fyrir að fá að útskýra það sem hér er kallað sýn iðnaðarins á orkunýtingu framtíðarinnar.

Í Samtökum iðnaðarins eru vel á annað þúsund fyrirtæki. Mörg þeirra koma að orkunýtingu með fjölbreyttum hætti. Innan SI eru verktakar og önnur framkvæmdastarfsemi, álfyrirtæki, kísiliðnaður, steinull, aflþynnuframleiðsla, fjölnýting jarðvarma, framleiðsla á hreinu eldsneyti, matvælagarð, sementsframleiðsla, líftækni, plastiðnaður, búnaðarsala, tækniráðgjöf, ylrækt, gagnaver, hönnun orkusparnaðarkerfa og margar fleiri tegundir iðnaðar. Vegna þessa fjölbreytileika í starfsemi er ég ekki þess umkominn að kynna hér eina nákvæma skoðun eða stefnu, sem sérhver starfsgrein getur skrifað upp á í smáatriðum. Hins vegar eru grundvallarlínur og meginþemu í allri þessari atvinnuflóru, sem ég tel að eigi brýnt erindi við stefnumörkun á Íslandi.

Sú sýn er óumdeild, að Íslendingar eigi að fá eins mikið út úr sínum umhverfisgæðum og mögulegt er, til langrar sjálfbærrar framtíðar. Þá er ekki átt við að selja eins mörg megavött og tæknilega er

gerlegt, eða að einungis eigi að hámarka krónurnar í kassa orkufyrirtækjanna. Náttúran og mannfélagið þurfa í heild að njóta góðs af, þegar nýta á orkugæði landsins sjálfs og umhverfis þess. Sú stefna innifelur einnig, að við sköpum þekkingu, getu og lausnir, sem við getum þróað fyrir alþjóðamarkað og selt ítrekað á erlendri grund, óháð þeirri orkunýtingu sem fram fer á Íslandi á hverjum tíma.

Ég hef stundum lýst þeim hughrifum sem ég varð fyrir í Houston í Texas, fyrir kollegum mínum í SI. Þar kom í minn hlut, um nokkurra ára skeið, að sinna stjórnarsetu í tæknifyrirtæki sem þjónustaði olíu- og gasiðnaðinn. Á því tímabili var eiginleg gas- og olíuframleiðsla á svæðinu nær engin, ekki fremur en nú. Þó var Houston, og er, ein af lykilmiðstöðvum þróunarstarfs og tækniþjónustu fyrir jarðefnaeldsneyti á vesturhveli jarðar, jafnvel í heiminum öllum. Á þessu svæði hefur jákvæð þróun stoðfyrirtækja fyrir orkuiðnaðinn á löngum tíma vaxið upp yfir þann staðbundna kjarnaiðnað sem þau sinna. Þjónustuaðilarnir og tæknifyrirtækin mynda nú sjálfstæða þungamiðja í verðmætasköpuninni.

Ég tel að við getum átt svipaða möguleika til langrar framtíðar. Það er, að verða uppspretta lausna og afurða, sem tengjast jarðvarma og ýmsum öðrum sviðum umhverfis, orku og stóriðju. Sem dæmi má nefna, að við jarðlagagreiningu á Drekasvæðinu má sækja ríkulega í reynslu okkar af jarðvarma. Hvort sem upp kemur dropi af nýtilegri olíu á þessu svæði eða ekki, eigum við að nýta styrkleika okkar og þekkingu á sjó og landi, til að þjónusta kaþbátaleit, hljóðbylgjurannsóknir og aðra tæknilega flókna viðleitni á svæðinu. Fjölnýting, ferðaþjónusta, hreint eldsneyti og aðrar aukabúgreinar jarðvarmans er einnig svið sem við munum beina sjónum okkar sínum að í auknum mæli. En þau umskipti, að við högnumst fyrst og fremst á hliðargreinum orkuiðnaðar, verða hins vegar ekki á morgun. Við getum ekki látið af frekari orkuframkvæmdum í dag og beðið með hendur í skauti, eftir að lifa á visku okkar einni saman.

Þvert á móti þurfum við að setja markið hátt til langs tíma, í stöðugri uppfærslu orkumannvirkja okkar og í að nýta sífellt betur okkar innlendu möguleika. Fyrir utan að vera skynsamlegt í sjálfu sér, er það einmitt í slíkum verkefnum sem nýju lausnirnar og framfarirnar verða til. Þannig getum við ræktað þekkingariðnað okkar og nýsköpun, sem síðan hægt er að búa til verðmæti úr fyrir aðra markaði.

En svo þessi jákvæða víxlverkun milli orkuiðnaðar og þróunar tæknilausna komist á betri skrið, þarf margt að ganga upp hjá okkur sjálfum. Í fyrsta lagi verðum við að tengja menntakerfi okkar betur við orkunýtingu og orkutengdan iðnað. Örlað hefur á þessari tengingu um langa hríð, en hún hefur þó verið mun veikari en mætti t.d. ætla af því, að í engu öðru OECD ríki er meiri raforkunotkun fyrir hvern íbúa, en einmitt hér. Háskólar og tækniskólar hafa nýlega aukið áherslu á mekatrónísk kerfi, orkutæknifræði og aðrar gagnlegar greinar. Vitund um orku- og umhverfistækni þarf nú að smitast betur niður skólastigin.

Í öðru lagi þarf að skapa betri sátt um nýtingarstefnu og hvernig nýtingarákvarðanir til lengri tíma eru teknar. Seint á tíunda áratug síðustu aldar var hafin vinna sérfræðinga við gerð rammaáætlunar um verndun og nýtingu virkjanakosta. Hugmyndin var að láta fara fram ítarlegt og faglegt mat á möguleikum til nýtingar vatnsafls og jarðvarma, þar sem umhverfissjónarmið og tæknilegir þættir yrðu krufnir saman, með bestu vísindalegu og hlutlægu aðferðum sem í boði væru. Þannig mætti fá sameiginlega og skýra niðurstöðu til langrar framtíðar, um hvar mætti hugsanlega beisla ónýtt afl að undangengnu umhverfismati, hvaða svæði ætti klárlega að vernda og hvar þyrfti frekari rannsóknir. Ljóst var að slík niðurstaða yrði málamiðlun ólíkra sjónarmiða og að engin niðurstaða yrði fullkomlega að allra skapi.

En þarna átti þó að fá fram niðurstöðu, sem væri fengin eftir ríka greiningu fjölda fólks og eftir langt opið ferli. Ofan á niðurstöðurnar um tiltekin svæði gætu orkufyrirtæki, sveitarfélög og iðnfyrirtæki mótað áætlanir til langrar framtíðar, skapað stöðugleika í framkvæmdum og forðast boðaföll, sem við þekkjum allt of vel úr íslenskri hagsögu. Landsnet gæti aukið nýtingu og hagkvæmni í kerfi sínu og fyrirtækið hefði skýrari forsendur um framkvæmdir og staðsetningu orkuöflunar fram í tímann. Þessi faglega langtímanálgun naut stuðnings allra stjórnámálflokka vel á annan áratug.

Í febrúar árið 2010 sagði forsætisráðherra að nú lægi á að rammaáætlunin, sem hefði verið í smíðum svo lengi og kostað á annan milljarð, kæmi til umræðu á Alþingi og svo vonandi til samþykktar þar. Fyrr yrði ekki ráðist í ný orkuverkefni. Í júlí 2011 komu hin endanlegu faglegu drög loks fram. Hafði þá þegar verið tekið tillit til fjölmargra ábendinga, fyrst og fremst um umhverfismál. Seint á árinu 2011 létu umhverfis- og iðnaðarráðherra skína í önnur drög, þar sem ýmsir virkjanakostir höfðu horfið úr nýtingarflokki með dularfullum hætti en skotið upp kollinum í bið- eða verndarflokkum. Enn hefur rammaáætlunin ekki verið lögð fyrir Alþingi, heldur dvelur hún langdvölum bak við luktur pólitískar dyr.

Þetta er leitt. Gerð rammaáætlunarinnar var lengst af fagleg, en ekki pólitísk. Tilgangurinn með allri þessari vinnu var einmitt að láta afraksturinn standa til langs tíma, en ekki feykjast eftir því hvernig pólitískir vindar blésu hverju sinni. Haldi svo áfram sem horfir, mun hinn þverpólitíski tilgangur þessa rannsókn- og umsagnaferlis dofna. Nýir meirihlutar á Alþingi munu varla una áætlun sem er útötuð í pólitískum fingraförum gamalla ríkisstjórna. Hringl með virkjanakosti inn og út úr nýtingarflokki blasir þá við á ný. Takist þeim, sem harðast vilja ganga fram í verndun, að sveigja rammaáætlunina nú frá hinni faglegu niðurstöðu, munu þeir því þegar yfir líkur ekki hampa öðru en Pyrrhosarsigri.

Svipað má segja um drög að svokallaðri Orkustefnu fyrir Ísland. Þar átti að skapa stefnu sem skyldi duga mun lengur en stjórnarmeirihluti hverju sinni. Hugmyndin að baki vinnunni er vissulega góð og fólkið sem til hennar valdist er hæft og vel að sér. Stór hluti niðurstaðna hópsins verkaði skynsamlega. Hins vegar valdi einn ráðherra hópinn, án þess að huga að skírskotun þvert á stjórnmalaflokka eða atvinnugreinar, enda varð skýr slagsíða á sumum atriðum. Til að mynda er í drögum búið að stytta mögulegan nýtingartíma jarðvarmavirkjana um meira en helming, frá hinni praktísku nálgun og venju, sem verið hefur við lýði nær alla ævi Verkfræðingafélags, með grunn í vatnalögum frá 1923. Iðnaðarráðherra gat þess sjálf í skýrslu sinni til Alþingis um raforkumál í vetur að slík stytting leigutíma auki líkur á svokölluðum leigjendavanda, þar sem fjárfestingum er illa haldið við, skammtímahugsun eykst og líkur á ágengri nýtingu aukast.

Það tekur í mörgum tilfellum meira en áratug að kynnast eiginleikum nýrrar borholu og beisla hana á bestan hátt. Sé leyfilegur nýtingartími hálfnaður þegar þar er komið sögu, gefst lítill tími til að hámarka afrakstur holunnar. Fjölmörgum aðgengilegum verkefnum mun einfaldlega ekki verða hrundið af stað í upphafi, ef þetta eina pólitíska pennastrík helst inni. Þau orkuverkefni sem kæmust á koppinn gætu enn fremur lent í svipuðum hremmingum og orkufyrirtæki víða í Evrópu upplifa nú. Þau hafa mörg hvert misst marga af stærstu kúnum sínum á undanförunum vikum og mánuðum, einmitt vegna skorts á langtímaskuldbindingu í samningum við iðnfyrirtækin. Orkufyrirtækin hafa þess í stað búið við opin og lausbeisluð samningsákvæði. Fyrstu verkin sem komu í hlut Tómasar Más Sigurðssonar, eftir að hann tók við forstjórastöðu Alcoa í Evrópu um síðustu áramót, voru einmitt að loka fjölmörgum álverum fyrirtækisins á meginlandinu. Fjarðarál á Reyðarfirði er á hinn bóginn þannig bundið í samninga við Landsvirkjun að slíkt kemur blessunarlega ekki til þar.

Þá er í orkustefnunni lögð rík áhersla á margbreytileika þess iðnaðar, sem eigi að nýta orkuna á Íslandi. Þannig háttar hér til, að íslenskt atvinnulíf er smátt í sniðum og mun aldrei geta skartað þeirri

fjölbreytni sem stærri hagkerfi hafa upp á að bjóða. Það er skynsamlegt að vilja ekki setja öll eggin í körfu, en raunsæi er líka dyggð. Atvinnulíf okkar mun aldrei komast nálægt því að verða smækkuð útgáfa atvinnulífs annarra landa. Sú staða væri enda hreint ekki æskileg, fæli í sér flatneskju og skort á sérhæfingu, sem að lokum þýddi enn meiri áhættu fyrir Ísland en ella. Svo hægt sé að rækta samkeppnisforskot, flóru stoðfyrirtækja og tæknilega sérþekkingu, er kritískur massi tiltekinna iðngreina nauðsynlegur. Slíkir kjarnar skapa og treysta í sessi hlutfallslega yfirburði, en ekki með því að hið opinbera reyni að framkalla fjölbreytileika með valdboði.

Þannig verða orkufyrirtækin sjálf að fá að taka sínar hagrænu ákvarðanir á viðskiptalegum forsendum. Þau þurfa að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra umhverfiskrafna sem rammaáætlunin gerir, komi hún fram. Sama á við um umhverfismat, skipulag og aðrar slíkar kröfur. Viðskiptasamningarnir sem orkufyrirtækin geta náð við mögulega viðskiptavinum sína verða þau að skoða með tilliti til lengdar samninganna, verðs, umfangs, áhættudreifingar, mögulegrar kaupskyldu notenda, annarra samninga sem gerðir hafa verið o.s.frv. Það kostar það sama að reisa virkjun hvort sem rafmagníð frá henni er nýtt eða ekki. Stöðugleiki noktunar skiptir því afar miklu máli.

Besta eða tryggasta samningsniðurstaða fyrir orkufyrirtæki getur verið æði mismunandi eftir aðstæðum í hverju tilviki. Til dæmis skiptir máli hvort verið er að gera til langs tíma fastan grundvallarsamning, sem ákvarðar hvort tiltekin framkvæmd muni bera sig eða ekki, eða hvort verið er að gera minni samninga til að auka nýtingarhlutföll, þar sem hátt einingarverð getur verið mun meira keppikefli en öryggi kaupanda og samningstími. Lykilatriði er, að í þeim tilvikum sem samningar við stóriðju koma best út fyrir orkufyrirtækin, á opinber stefnumörkun ekki að vera fyrirfram búin að útiloka slíka starfsemi. Ekki frekar en að hið opinbera eigi að haga sér eins og óorðnir og óvissir atburðir hafi þegar gerst, svo sem að þegar hafi verið lagður lengsti sæstrengur heims milli Íslands og meginlands Evrópu. Slík framkvæmd yrði verkfræðilegt afrek og myndi þannig ylja okkur öllum hér

um hjartarætur. En tæknilega á slík framkvæmd langt í land, auk þess sem lykilþættir eins og fjármögnun, nýting, eignarhald og viðskiptavinir eru enn á hugmyndastigi. Á meðan svo er á hið opinbera verður því að byggja á veruleikanum eins og hann er, en hanna ekki regluverkið í viðtengingarhætti.

Góðir gestir.

Íslenskum orkufyrirtækjum og stjórnáamönnum hefur verið löngum verið legið á hálsi fyrir að semja af sér og verðleggja orkuna of lágt, í pólitískum tilgangi, vegna byggðamála o.s.frv. Til að auka traust á viðskiptalegum ákvörðunum orkufyrirtækjanna teldi ég til mikilla bóta, ef eignarhald þessara fyrirtækja yrði þróað áfram. Langtímafjárfestar eins og lífeyrissjóðir eru kjörnir eigendur að starfsemi sem varir áratugum saman, einir og sér eða sem meðeigendur hins opinbera. Landsvirkjun gæti aukið hlutafé sitt, tekið lífeyrissjóði inn í eigendahópinn, dregið úr skuldsetningu fyrirtækisins og minnkað áhættu ríkisins. Ábyrgð ríkisins á skuldum Landsvirkjunar má leggja af. Lífeyrissjóðum er um þessar mundir þröngt skorinn stakkur innan gjaldeyrishaftanna. Þeir mundu öðlast óbeinan aðgang að erlendum mörkuðum með því að leggja hlutafé til innlendrar orkuframleiðslu. Þetta hafa þeir þegar gert í HS orku, en svipað getur átt víðar við. Um leið og það eru ekki lengur einungis íslenskir opinberir aðilar að semja við útlendinga, eru einnig líkur á að umræðan um orkumál geti orðið yfirvegaðri, lausnamiðaðri og örugglega gædd aukinni langtímahugsun. Þar væri ávinningur í sjálfu sér.